

staðar, án þess að hann teldi ástæðu til að tilkynna stefnanda, að hann rifti kaupunum. Það hefði ekki borið að tilkynna slíkt, fyrr en tilefni gafst til þess, og það hefði því verið gert strax og skíðin komu. Til stuðnings þessu visar stefndi til 26. gr. laga nr. 39 frá 1922, og samkvæmt þeim hefði stefnanda borið að gera fyrirspurn til stefnda, hvort hann, þrátt fyrir dráttinn, vildi kaupa skíðin.

Gegn þessu heldur stefnandi því fram, að þegar kaup þessi fóru fram, hafi verið óvenjulegir timar vegna styrjaldarástands og fyrir það hefðu vörupantanir að jafnaði tafizt mjög. Það hefði því alls ekki verið óeðlilegur dráttur á vörusendingu frá Ameríku, þó tæki hálf t. á. að koma henni til kaupanda, heldur jafnvel mátt teljast greið afgreiðsla eftir þeirri venju, sem þá gildi.

Stefndi hefði því alls ekki haft réttmæta ástæðu til þess að treysta á, að varan kæmi fyrr, enda hefði hann ekki á neinn hátt látið í ljós, að hann legði áherzlu á, að varan kæmi fyrir vissan tíma, eða það skipti verulegu, en til þess hefði verið full ástæða af hans hálfu, ef hann hefði talið það sérstaklega mikilvægt.

Rétturinn verður að telja, að sá dráttur, sem var á afgreiðslu vörunnar, geti ekki talizt verulegur á slíkum styrjaldartímum, að því viðbættu, að stefndi í pöntuninni gefur ekki til kynna, að hann áskilji sér rétt að fá vöruna fyrir ákveðinn tíma, sbr. orðalagið „þegar skíðin komi“. Að þessu athuguðu verður rétturinn að fallast á kröfu stefnanda að öllu leyti og einnig greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega metinn 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Kaupfélag Austfjarða, Seyðisfirði, greiði stefnanda, Bjarna Ö. Jónassyni, kr. 780.01 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1944 til greiðsludags og málskostnaðar með 300 krónum, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. marz 1948.

Nr. 9/1948. **Réttvísinn** (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn

Ingibirni Eggertssyni
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Þjófnaðarbrot ákærða varðar við 244. gr. sbr. 255. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd og að öðru leyti

með skirskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og vörjanda fyrir hæstirétti, kr. 350.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Ingibjörn Eggertsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og vörjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. nóvember 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 18. nóvember, var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara upp kveðinn dómur í málinu nr. 4714/1947: Réttvisin og valdstjórnin gegn Ingibirni Eggertssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ingibirni Eggertssyni sjómanni, til heimilis að Máfahlið 19 hér í bæ, til refsingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengis- lögum nr. 33 9. janúar 1935, og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. júlí 1925 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1942 $\frac{1}{11}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1943 $\frac{6}{5}$ Sátt, 300 kr. sekt og 200 kr. skaðabætur fyrir árás.
- 1943 $\frac{30}{12}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar án ljóss og bjöllu.
- 1944 $\frac{30}{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
- 1945 $\frac{12}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1945 $\frac{21}{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1945 $\frac{29}{3}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
- 1945 $\frac{31}{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1945 $\frac{8}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1945 $\frac{13}{11}$ Sátt, 200 kr. sekt og 245 kr. skaðabætur fyrir ölvun á almannaferi, óspektir og rúðubrot.

- 1945 $\frac{5}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $\frac{10}{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $\frac{6}{1}$ Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
 1946 $\frac{27}{7}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
 1947 $\frac{4}{1}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
 1947 $\frac{23}{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
 1947 $\frac{2}{4}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fangelsi skil-orðsbundið í 3 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244 gr. hegningarlaga og 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaga. (Mál nr. 1881, 1947.)
 1947 $\frac{3}{1}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Samkvæmt eigin frásögn ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í máli þessu, eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Föstudaginn 7. þ. m. sat ákærði að drykkju inni í veitingastofunni Hvoll hér í bæ. Gerðist hann svo ofurölvi, að hann man lítið sem ekkert eftir sér. Um klukkan sex síðdegis fór hann í Aðalstræti 9, en þar er veitingastofan Gildaskálinn. Kveðst hann hafa farið þangað til að hitta stúlku, sem Ása heitir, en nánari deili á henni eru ekki kunn. Úr klæðaskáp í Aðalstræti 9 tók ákærði loðkápu, eign Finnrosar Karólinu Guðmundsdóttur, er þar býr, og hafði á brott með sér, en skildi eftir ljósan karlmannsrykfrakka, sem hann hefur enga grein getað gert fyrir, hvar hann hafi fengið, og verður því ekki talið sannað, að ákærði hafi tekið hann að ófrjálsu. Með loðkápuna fór hann inn í port hjá Mjóstræti 10, en þaðan var hringt á lögreglustöðina og sagt til ákærða. Lögregluþjónar fóru nú á vettvang og handtóku ákærða efst í Bröttugötu, þar sem hann var mjög áberandi ölvaður. Var ákærði færður í fangageymslu lögreglustöðvarinnar, en loðkápan tekin af honum og afhent eigandanum.

Með framangreindum þjófnaði hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með því að neyta áfengis inni á veitingastofu og vera áberandi ölvaður á almannafæri hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 17. gr. sbr. 1. mgr. 37. gr. og 18. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Ingibjörn Eggertsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og

kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.
 Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
 Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. marz 1948.

Nr. 46/1946. **Skipaútgærð ríkisins**

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson)

gegn

**Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda og váttryggj-
 enda e/s Rolf Jarl, skips og farms**

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Póknun fyrir dráttaraðstoð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1946 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. marz s. á. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 739 868.98, en til vara, að dæmd fjárhæð verði hækkuð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og 6% ársvaxta af dæmdri fjárhæð frá 14. maí 1943 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta hann, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. nóvember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgærðar ríkisins höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með